

Mál nr. 51/2020**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Sönnun líkamstjóns vegna áreksturs 20. september 2017.****Gögn.**

Málskot dags. 12. febrúar 2020, ásamt fylgigögnum merktum 1-4.

Bréf V, dags. 27. febrúar 2020, ásamt myndum og PC-crash skýrslu dags. 12. september 2018.

Málsatvik.

Samkvæmt þeim gögnum sem hafa verið lögð fyrir nefndina varð árekstur með bifreiðinni X og bifreið sem M var var farþegi í, þannig að bifreiðinni X var ekið aftan á bifreið M. Ekki liggur fyrir upphafleg tjónstilkynning vegna árekstursins eða lýsingar ökumanna á honum, en V hefur lagt fram myndir af bifreið M og svokallaða PC-skýrslu dags. 12. september 2018, sem félagið aflaði einhliða. Í þeirri skýrslu koma fram upplýsingar um mjög lítinn ætlaðan höggkraft af árekstrinum. Í málinu liggja einnig fyrir læknisfræðilegar upplýsingar um komu M á bráðamóttöku 20. september 2017 þar sem kemur fram að M var ekki skoðuð þar sem hún var þá einkennalaus 9 tímum frá árekstri. Einhverjum einkennum var síðan lýst aftur 28. september 2018 við komu á heilsugæslu þar sem M er greind með vöðvabólgu, gerð grein fyrir ýktum viðbrögðum og heilsufarsástandi.

V sendi tilkynningu til lögmanns M hinn 13. mars 2019 um að félagið féllist ekki að varanlegt heilsutjón gæti hafa orðið af árekstrinum og vísaði um það til gagna málsins og niðurstöðu fyrrnefndrar PC-crash skýrslu. Í viðbótarathugasemdum V til nefndarinnar kemur einnig fram tilvísun til skýrslunnar og að ekki liggi fyrir læknisfræðileg gögn sem styðja að M hafi orðið fyrir tjóni sem og að V telji að einkenni M frá stoðkerfi hafi í besta falli verið mjög væg og ekki hægt að tengja þau við áreksturinn.

M telur hins vegar að orsakatengsl séu milli líkamlegra einkenna sinna og árekstursins og vísar um það til læknisfræðilegra gagna. M telur ennfremur að ekki sé hægt að byggja á hraðaútreikningum sem þeim sem V hefur lagt fram og vísar til dóma Hæstaréttar og úrskurðar nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort orsakatengsl séu sönnuð milli einkenna þeirra sem M finnur fyrir í dag og tjónsatburðar 20. september 2017. Eins og komið hefur fram í öðrum úrskurðum nefndarinnar verður ekki litið eingöngu til hraða- og höggútreikninga sem er einhliða aflað af hálfu annars málsaðila við mat á því hvert högg af árekstri hefur verið. Þó svokölluð PC-crash skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar viðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Þegar litið er til læknisfræðilegra gagna í þessu máli kemur þar fram að einkenni þau sem lýst er í læknisfræðilegum gögnum koma ekki fram fyrir en í læknisheimsókn um ári eftir áreksturinn en þar var greining einkenna vöðvabólga. Auk þess verður ekki af þessum gögnum séð hvaða áhrif fyrra heilsufar M hefur við mat á orsakatengslum. Auk þess liggja ekki fyrir frekari læknisfræðileg gögn eða mat á afleiðingum sem styðja við kröfur M. Með hliðsjón af öllu framansögðu verður því ekki talið að M hafi með framlögðum gögnum tekist að sýna fram á orsakasamhengi milli árekstursins og líkamlegra einkenna nú og miðað við það er kröfu hennar því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 26. mars 2020.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.